

## Jón Þrándur Stefánsson

---

**Frá:** Jón Þrándur Stefánsson  
**Sent:** miðvikudagur, 28. febrúar 2024 13:59  
**Til:** 'sigfusolafur@skagafjordur.is'  
**Efni:** RE: Re: Tillögur að sérreglum byggðakvóta - Skagafjörður

Sæll Sigfús,

Ráðuneytið hefur tekið til skoðunar tillögur sveitarstjórnar varðandi sérreglur byggðakvóta.

Að svo stöddu er ráðuneytið ekki tilbúið að staðfesta tillögur sveitarstjórnar þar sem rökstuðningur hefur verið metinn ófullnægjandi og að sveitarfélagið hafi ekki sýnt fram á að tillaga sveitarstjórnar sé byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags.

Í umfjöllun ráðuneytisins var litið til þess að í tillögu sveitarstjórnar eru ekki rökstudd ástæða þess að óskað er eftir að stærðarmörk fiskiskipa verði 50 brúttótonnum og að úthlutun verði 10 þorskígildistonn á skip. Ljóst er að slík ráðstöfun mun líklega hafa áhrif á aðila sem gætu átt rétt á úthlutun byggðakvóta. Því þarf að sýna fram á að slík ráðstöfun sé byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags.

Sveitarstjórn er því gefin 14 daga frestur til þess að koma fram með frekari rökstuðning áður en afstaða verður tekin til tillögu sveitarstjórnar.

Með kveðju,  
Jón Þrándur



**Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur / Special Advisor**  
Skrifstofa sjávarútvegs / Department of Fisheries  
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries  
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 9700  
[www.mar.is](http://www.mar.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing  
Tilvísun í mál: MAR23110193

**Frá:** Sigfús Ólafur Guðmundsson

**Til:** Matvælaráðuneyti

**Sent:** 18.1.2024 14:58:59

**Efni:** Tillögur að sérreglum byggðakvóta - Skagafjörður

Góðan dag,

Meðfylgjandi eru tillögur Skagafjarðar að sérreglum um Byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 23/24. Afrit af fundagerð sveitarstjórnar er einnig í viðhengi og má finna fundagerð sveitarstjórnar bókunina undir lið 16 á bls 333. Einnig má finna skjáskot af bókuninni sjálfri líka í viðhengi

kveðja

---



Skagafjörður

Sigfús Ólafur Guðmundsson

Verkefnastjóri í atvinnu-, menningar- og kynningarmálum

455-6170

[sigfusolafur@skagafjordur.is](mailto:sigfusolafur@skagafjordur.is)

---

Ráðhúsinu 550 Sauðárkróki Sími: (+354) 455 6000 Fax: (+354) 455 6001 [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is)

---